

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Finnbogi Árnason greiði áfrýjand-  
anum yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gísla-  
syni fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzl-  
unar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum á ári  
af upphæð þessari frá 14. júní f. á. til borg-  
unardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 40  
krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8  
vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför  
að lögum.

Mánudaginn 9. júnímánaðar.

Nr. 38/1901.

Þórður Guðjohnsen fyrir hönd

Örum & Wulffs verzlunar

á Húsavík

gegn

hreppsnefnd Hálsahrepps.

D ó m u r:

Haustið 1898 lagði hreppsnefnd Hálsahrepps  
20 króna aukaútsvar á »salthús«, er verzlun Ö-  
rum & Wulffs á Húsavík átti í Flatey á Skjál-  
anda. Áfrýjandinn verzlunarstjóri Þórður Guð-  
johnsen neitaði að greiða útsvarið og höfðaði þá  
hreppsnefndin, að fenginni gjafsókn, mál til greiðslu  
á því, og gekk dómur í því máli í gestarétti Þing-  
eyjarsýslu 1. nóv. 1900, með þeim úrslitum, að á-  
frýjandinn var fyrir hönd verzlunarinnar dæmd-  
ur til að greiða hreppsnefndinni útsvarið 20 kr.,

ásamt 5<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtum af þeirri upphæð frá stefnu-  
degi til borgunardags og í málskostnað 35 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfir-  
dómsins með stefnu, dags. 3. sept. f. á., og hefir  
þess verið krafist af hans hálfu, að úrskurður  
gestaréttarins 17. sept. 1900, út af frávisunarkröfu  
áfrýjanda, verði feldur úr gildi og málinu vísað  
frá gestaréttinum að öllu eða nokkru leyti, en til  
vara, að áfrýjandi verði algjörlega eða að ein-  
hverju leyti sýknaður af kærum og kröfum hrepps-  
nefndarinnar og honum dæmdur málskostnaður  
fyrir báðum réttum hjá stefndu. Þá krefst áfrýj-  
andinn þess og, að héraðsdómari Steingrímur sýslu-  
maður Jónsson á Húsavík verði látinn sæta lögá-  
kvedinni ábyrgð fyrir óleyfilegan drátt á dómsupp-  
sögn í málinu. Hin stefnda hreppsnefnd, sem hef-  
ir fengið gjafvörð og skipaðan málaflutningsmann  
fyrir yfirdóminum, hefir aftur á móti krafist þess,  
að gestaréttardómurinn verði staðfestur, að áfrýj-  
andi verði dæmdur til að greiða hinum stefnda  
héraðsdómara 30 kr. í ómakslaun og hreppsnefnd-  
inni málskostnað eins og málið væri eigi gjafsókn-  
armál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til  
hins skipaða málsfærslumanns hennar.

Þar sem málsfærslumaður stefndu hefir enn  
krafist þess, að justitiarius L. E. Sveinbjörnsson  
víki úr dómarasæti í máli þessu vegna þess, að  
heyrst hafi, að verzlunarstjóri Orum & Wulffs  
verzlunar á Húsavík, Þórður Guðjohnsen, sem er  
skyldur justitiarius í annan lið, sé meðeigandi  
téðrar verzlunar, þá er þessi staðfæing málsfærslu-

mannsins algjörlega ósönnuð og órökstudd, og verður krafan, sem á henni er byggð, því eigi tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um frávísun málsins frá gestaréttinum er byggð á því, að réttarstefnan og sóknin í héraði telji sakarefnið útsvar á salt- og fiskitökuhúsi Örum & Wulffs verzlunar í Flatey, en gjafsóknarleyfi amtmanns nefni það að eins útsvar á salthús verzlunarinnar í Flatey, og hafi þannig málið verið ólöglega höfðað. En það veldur eigi frávísun máls, þótt ósamhljóðan verði milli málsefnisins, sem haldið er fram, og gjafsóknarleyfisins, og verður krafa þessi því eigi tekin til greina.

Örum og Wulffs verzlun á Húsavík hefir í Flatey á Skjálfanda látið byggja 2 hús. Annað húsið er haft til þess að geyma í því salt, sem verzlunin mestmegnis brúkar sjálf til þess að salta blautfisk, sem lagður er inn til hennar þar á eygni, en lítið eitt af saltinu hefir verið afhent viðskiftamönnum verzlunarinnar þar eftir ávísun verzlunarstjórans á Húsavík; í húsi þessu er og eftir atvikum, ef þörf gjörist, geymdur verkaður fiskur, sem verzlunin á. Í hinu húsinu er aftur geymdur blautfiskur sá, er til verzlunarinn er látinn, og hann saltaður þar; er fiskur þessi síðan verkaður þar á eygni og að því búnu fluttur til Húsavíkur.

Útsvar það, er hreppsnefndin kallar eftir hjá verzluninni í máli þessu, var ettir orðalaginu á niðurjöfnunarskránni í hreppnum umrætt haust.

(1898) lagt á »salthúsið í Flatey, Ö. & Wulffs-verzlunar í Húsavík«, og hefir hreppsnefndin haldið því fram, að með þessum orðatiltækjum sé útsvarið lagt á alla starfsemi verzlunarinnar í Flatey, ekki á saltgeymsluna eina og saltgeymsluhúsið, heldur einnig á fiskigeymsluhúsið og blautfisktökuna og fiskverkunina, sem við það húsið er sérstaklega tengt. Yfirdómurinn getur þó eigi fallist á það, að álögustofninn, eins og húseign og starfsemi verzlunarinnar er háttað þar á eygni, sé nægilega skýrt ákveðinu á niðurjöfnunarskránni, ef greind orð eiga að tákna alla starfsemi verzlunarinnar á eygni, einnig fisktökuhúsið og fisktökuna, enda er það eigi sannað í málinu, gegn mótmælum áfrýjanda, að orðið salthús hafi svo víðtæka merkingu, að það gripi yfir þetta allt. Það verður því að skilja svo útsvarsálöguna, að útsvarið sé að eins lagt á það af húsum Örum & Wulffs verzlunar í Flatey, sem salt er geymt í eða á saltgeymsluna í Flatey, en salthúsið er eigi, eins og afnotum þess er lýst hér að framan, arðsöm stofnun eða fyrirtæki, slíkt er leggja megi á aukaútsvar samkvæmt lögum 9. ágúst 1889. Það verður þess vegna að sýkna áfrýjandann af kær- um og kröfum hreppsnefndarinnar í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum dómum þykir eftir atvikum eiga að falla niður og hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar verða eftir þessum úrlitum eigi ákveðin nein málsfærslulaun.

Héraðsdómarinn hefir haft málið undir dómi 2 dögum lengur en 6 vikur, en hann hefir fyrir

yfirdóminum réttlætt nægilega þennan drátt og verður honum því eigi gjörð ábyrgð fyrir dráttinn samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Að því leyti málið hefir verið rekið með gjafsókn í héraði og gjafvörn fyrir yfirdómi, vottast, að flutningur þess hefir verið löglegur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn verzlunarstjóri Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar á að vera sýkn af kærum og kröfum stefndu, hreppsnefndarinnar í Hálshreppi. Málskostnur fellur niður.

Mánudaginn 30. júnímaðar.

Nr. 9/1902:

Réttvisin

gegn

Jóni, Sigurgeir, Jónasi og

Sigurði Jónssonum.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu, gengnum 25. maí f. á., var hinn ákærði Jón Jónsson dæmdur fyrir brot gegn 159. gr. hinna alm. hegningarlaga í 14 daga einfalt fangelsi og til þess ásamt hinum meðákærðu bræðrum sínum að greiða in solidum allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns þeirra í héraði, Árna prófasts Jónssonar á Skútustöðum, 5 kr. Að öðru